

anna eigi dæmd málsfærslulaun eptir þessum úrslitum sakarinnar.

Að því leyti málið hefur verið sótt með gjafsókn fyrir yfirdómi, vottast að flutningur þess hefur verið lög-mætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að endurgjald fyrir vangoldna landskuld og leigur að eins telst 127 kr. 7 aur., og að málskostnaður i hjeraði fellur niður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúarmán.

Nr. 3/1887

Hið opinbera

gegn

Valgarði kaupmanni Breiðfjörð.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í lögreglurjetti Reykjavíkur-kaupstaðar 4. desbr. f. á., var hinn kærði, kaupmaður Valgarður Breiðfjörð, dæmdur fyrir að hafa gjört 2 skúra við íbúðarhús sitt hjer í bænum, án þess að leita leyfis byggingarnefndarinnar, til þess að lúka 15 kr. sekt til fátækra sjóðs kaupstaðarins og til að greiða allan málskostnað.

Þessum dómi hefur að ósk hins kærða verið skotið til landsyfirdómsins.

Það er í málinu sannað, að hinn kærði hefur reist eða látið reisa 2 skúra við hús sitt hjer í bænum, án þess að leita leyfis byggingarnefndar kaupstaðarins til þess. Verður yfirdómurinn að vera undirdómaranum samdóma um, að hinum kærða hafi borið skylda til, að leita leyfis byggingarnefndarinnar til þess, samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839 3. gr. D, og með því hann hefur vanrækt það, er hann sekur eptir sömu lagagrein E; virðist sekt sú, sem hann samkvæmt þessari grein hefur til unnið, hæfilega ákveðin 10 kr., er renni í fátækra sjóð kaupstaðarins. Yfirdómurinn fellst á ákvæði undirdómsins um málskostnað. Hinum kærða ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 8 krónur handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins fyrir undirdómi hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Valgarður kaupmaður Breiðfjörð, á að greiða 10 kr. sekt, er renni í fátækra sjóð Reykjavíkurkaupstaðar. Um málskostnað skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Guðl. Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 8 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúarmán.

Nr. 2/1887

Hið opinbera

gegn

Valgarði kaupmanni Breiðfjörð.

### D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Reykjavíkurkaupstaðar, upp-  
kveðnum 4. desbr. f. á., er hinn kærði, Valgarður kaup-  
maður Breiðfjörð, dæmdur fyrir ólöglega sölu á brenni-  
víni og öli til að greiða 40 króna sekt, er að þriðjung<sup>i</sup>  
átti að falla til fátækra sjóðs Reykjavíkur, en að tveim  
þriðjungum til Gests Pálssonar sem uppljóstarmanns, svo  
og til að greiða allan löglegan kostnað af málinu.  
Dómi þessum er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfir-  
dómsins.

Það er nægilega sannað í máli þessu með skýrslum  
þeim, er fengnar hafa verið, að hinn 21. október f. á.  
hafi verið seldir tveir hálpelar af brennivíni í verzlun-  
arbúð hins kærða, og að það hafi verið drukkið þá sam-  
stundis í búðinni, án þess að verzlunarþjónn kærða, er  
afhenti brennivínið, hafi bannað það. Enn fremur hefur  
hinn kærði kannast við, að stöku sinnum hafi verið  
drukkið öl í húsum hans, sem keypt hafi verið hjá hon-  
um. Með því að hinn kærði eigi hefur amtsleyfi til að  
veita áfenga drykki, hefur hann þannig gjörzt brotlegur  
gegn fyrirmælunum í tilskipun 13. júní 1787, 2. kap.  
2. gr., og getur það eigi komið til greina honum til